

REGLUGERÐ

um Hlutfjárssjóð Byggðastofnunar.

1. gr.

Við Byggðastofnun starfar hlutfjárssjóður útflutningsgreina. Sjóðurinn heitir Hlutfjárssjóður Byggðastofnunar.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu útflutningsgreina með kaupum á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja er taki við starfsemi eldri útflutningsfyrirtækja.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar til fjögurra almanaksára í senn þrjá menn í stjórn Hlutfjárssjóðs Byggðastofnunar og þrjá til vara.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

4. gr.

Hlutfjárssjóður Byggðastofnunar hefur sjálfstæðan fjárhag. Til reksturs sjóðsins rennur sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Byggðastofnun hefur á hendi rekstur og reikningshald sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnar.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjóðsins.

5. gr.

Verkefni stjórnar sjóðsins eru meðal annars:

1. Að ákveða vinnureglur sjóðsins og ráðningu starfsmanns.
2. Að fylgjast með efnahag sjóðsins og reiknishaldi.
3. Að ákveða arðgreiðslur og afskriftir.
4. Að semja við Byggðastofnun um endurgjald fyrir þjónustu við sjóðinn.
5. Að ákveða ráðstöfun hlutdeildarbréfa.
6. Að leita eftir sérfræðiaðstoð við mat á hlutabréfum, skipulagsbreytingum og aðgerðum til hagræðingar hjá fyrirtækjum sé þess talin þörf.
7. Að ákveða um aðild sjóðsins að hlutafélögum og hve mikið hlutafé skuli leggja fram.
8. Að ákveða hvort tilnefna eigi fulltrúa í stjórn hlutafélaga og þá hverja.
9. Að ákveða endursölu hlutabréfa sjóðsins.

6. gr.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem er honum svo persónulega tengdur að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á mál.

7. gr.

Hlutfjár sjóður Bygðastofnunar aflar fjár með sölu hlutdeildarskírteina til lánastofnana og annarra kröfuhafa fyrirtækja sem sækja um aðstoð sjóðsins, enda verði andvirði þeirra notað til skuldaskila skv. reglum sjóðsins. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sveitarfélögum, sjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum að kaupa hlutdeildarskírteini.

Auk andvirðis hlutdeildarskírteina rennur til Hlutfjár sjóðs Bygðastofnunar sérstakt framlag ríkissjóðs ef Alþingi ákveður svo.

8. gr.

Hlutdeildarskírteini eru tvennskonar, A-hlutdeildarskírteini sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs og B-hlutdeildarskírteini sem eru án ríkisábyrgðar.

Kröfuhafar sem eru með fullnægjandi veð fyrir kröfum sínum áður en til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja kemur skulu að jafnaði eiga kost á A-hlutdeildarskírteinum. Metur stjórn sjóðsins hvað teljist fullnægjandi veð.

Kröfuhafar sem ekki hafa veð fyrir kröfum sínum skulu eiga kost á B-hlutdeildarskírteinum. Sama á við um kröfuhafa sem eiga veðkröfur, sem eru ofanvið tiltekið hlutfall brunabótamats, tryggingarmats skipa og báta og matsverðs lausafjár, véla, tækja og áhalda. Ákveður stjórn sjóðsins við hvaða hlutföll skuli miða.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist verðbætt nafnvirði A-hlutdeildarskírteina með hliðsjón af ákvæðum VII. kafla laga nr. 13/1979 fyrir allt að 600 milljónir kr. Að öðru leyti ábyrgist ríkissjóður ekki endurgreiðslur hlutdeildarskírteina né heldur arðgreiðslur.

10. gr.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutfjár sjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

11. gr.

Hlutfjár sjóður Bygðastofnunar endurgreiðir hlutdeildarskírteini með verðbótum sbr. 9. gr. frá kaupdegi skírteina til greiðsludags. Endurgreiðsla hefst eigi síðar en sex árum eftir kaupdag og greiðist samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar. Skulu hlutdeildarskírteini endurgreidd eftir því sem lausafjárstaða sjóðsins leyfir. Andvirði hlutdeildarskírteina skal að fullu endurgreitt innan 12 ára frá kaupdegi þeirra.

12. gr.

Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja er Hlutfjár sjóði Bygðastofnunar heimilt að kaupa hlutabréf í viðkomandi fyrirtækjum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fyrirtæki teljist vera meginuppistaða í útflutningi og atvinnurekstri á viðkomandi starfssvæði eða í viðkomandi atvinnugrein samkvæmt reglum sjóðsstjórnar.
2. Að sýnt þyki að fyrirtækið búi við jákvæða rekstrarafkomu og viðunandi greiðslustöðu að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.
3. Að samhliða hafi tekist með frjálsum samningum, nauðasamningum eða öðrum aðgerðum að gera eiginfjárstöðu viðkomandi fyrirtækis jákvæða miðað við matsverð fasteigna, véla, tækja og áætlað endursöluverð skipa.
4. Að fullnægjandi skil hafi verið gerð á iðgjöldum lífeyrissjóða vegna starfsmanna sem starfað hafa hjá viðkomandi fyrirtæki.

Í kjölfar árangurslausra nauðasamninga og gjaldþrots fyrirtækja er hlutafjárjóðnum heimilt að taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja með hlutabréfakaupum.

Stjórn hlutafjárjóðsins getur sett nánari skilyrði og reglur um hlutabréfakaup þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

Ríkissjóður getur selt hlutafjárjóðnum hlutafjäreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til.

Engin takmörkun má vera á meðferð hlutabréfa sem sjóðurinn kann að kaupa.

13. gr.

Hlutabréf sem sjóðurinn kann að eignast skulu boðin til sölu með opinberri auglýsingu eða á viðurkenndum hlutabréfamarkaði eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt.

Áður en til sölu hlutabréfa kemur skal stjórn sjóðsins bjóða öðrum hluthöfum og starfsfólki viðkomandi hlutafélags hlutabréfin til kaups með hæfilegum fyrirvara.

14. gr.

Stjórn Hlutafjárjóðs Bygðastofnunar auglýsir eftir umsóknum um aðstoð til fjárhagslegrar endurskipulagningar útflutningsfyrirtækja. Aðstoðar sjóðurinn umsækjendur eftir fögum við upplýsingaöflun og samninga við lánardrottna. Hraða skal afgreiðslu umsókna svo sem verða má.

15. gr.

Hlutafjárjóður Bygðastofnunar er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, þ.m.t. lántökuskatti.

Öll skjöl vegna útgáfu hlutdeildarskírteina, skuldaskjala vegna lána sem sjóðurinn kann að veita eða taka skulu undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.

16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 9 frá 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 11. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.